

Ár 2002, miðvikudaginn 13. febrúar, var af Yfirfasteignamatsnefnd í málinu nr. 180/2001 kveðinn upp svohljóðandi

ÚRSKURÐUR

Með bréfi dagsettu 13. desember 2001 kærði Sigurbjörg Helgadóttir, kt. 290145-7919, endurmat Fasteignamats ríkisins á brunabótamati íbúðar hennar 0306 að Vallarási 4, Reykjavík (fastanúmer 205-3399), sem tók gildi þann 15. september 2001.

Í kærubréfi segir:

“Ég undirrituð, Sigurbjörg Helgadóttir, kt. 290145-7919, óska eftir hækkun á brunabótamati á íbúð minni, í Vallarási 4, númer 306. Vísá ég til endurbóta, sem gerðar hafa verið á blokkinni, t.d. hefur húsið verið klætt að utan og sett ný gólfefni á íbúðina og s.frv.”

Yfirfasteignamatsnefnd óskaði með bréfi dags. 31. desember 2001 eftir umsögn Fasteignamats ríkisins um framangreinda kæru. Umsögn af hálfu stofnunarinnar er dags. 29. janúar 2002, en þar segir m.a.:

“Niðurstaða endurmats brunabótamats vegna íbúðar 0306 að Vallarási 4 í Reykjavík byggir á upplýsingum um framangreinda eign sem skráðar eru í Landskrá fasteigna auk upplýsinga um eignina sem fengust við síðustu skoðun hennar 17. september 1996. Um er að ræða 86,8 fm. íbúð í steypu sex hæða fjölbýlishúsi þar sem alls eru 30 íbúðir. Hjálagt fylgir yfirlit hinnar kærðu eignar, en þar kemur m.a. fram að byggingarár fjölbýlishússins er 1986 og afskriftarár hið sama.”


Niðurstaða


Í 10. mgr. 2. gr. laga um brunatryggingar nr. 48/1994, sbr. lög nr. 34/1999, er heimild til að reikna brunabótamat án skoðunar á grundvelli upplýsinga sem fyrir hendi eru. Í athugasemdum í greinargerð með frumvarpinu segir að ekki þurfi að meta á grundvelli skoðunar á staðnum ef að mati stofnunarinnar liggja fyrir fullnægjandi upplýsingar.


Samkvæmt umsögn Fasteignamats ríkisins byggði niðurstaða endurmats brunabótamats á fasteign kæranda að Vallarási 4 m.a. á upplýsingum sem fengust við síðustu skoðun eignarinnar þann 17. september 1996. Í kærubréfi er getið um endurbætur á eigninni. Með hliðsjón af því og aldri þeirra upplýsinga sem fyrir lágu hjá Fasteignamatinu verður að telja að ekki hafi legið fyrir fullnægjandi upplýsingar við endurmatið. Málinu er því vísað til Fasteignamats ríkisins til nýrrar meðferðar og ákvörðunar.

ÚRSKURÐARORÐ:

Málinu er vísað til Fasteignamats ríkisins til nýrrar meðferðar og ákvörðunar.


Pétur Stefánsson


Guðný Björnsdóttir


Guðmundur Magnússon